

## ***Próf í verðbréfavíðskiptum A-hluti***

**Viðskiptabréfareglur (60%)**

**Veðréttindi (25%)**

**Þinglýsingar (15%)**

**Laugardagur 17. nóvember 2001 kl. 9:00-13:00**

*Leyfileg hjálpargögn:*

*Í A-hluta er eingöngu leyfilegt að hafa lög og reglugerðir.*

*Það er leyfilegt að hafa lög útprentuð af Netinu.*

*Prófið er í þremur hlutum.*

*Vinsamlegast skilið hverjum hluta á sér próförk,  
gætið þess að merkja prófblöðin og hverja próförk með prófnúmeri.*

*Munið að slökkva á farsímum og vinsamlegast hafið persónuskilríki á borðum.*

\*\*\*\*\*

### **1. Viðskiptabréfareglur (60%)**

#### **a. (20%)**

Þann 5. janúar 2001 gerðu Arnar Arnarsson og Björn Bergsteinsson með sér samning vegna kaupa þess fyrrnefnda á jeppabifreið í eigu þess síðarnefnda. Vegna kaupanna gaf Arnar m.a. út vaxtalaust skuldabréf að fjárhæð 2.000.000 króna til Björns. Mánuði eftir kaupin bræddi bifreiðin úr sér vegna galla sem ekki voru sýnilegar við skoðun. Þá liggur fyrir að Arnar á kröfu til skuldajafnaðar á hendur Birni að fjárhæð kr. 500.000 vegna annarra víðskipta þeirra félaga.

Skömmu eftir framangreind bifreiðavíðskipti skildi Björn við eiginkonu sína, Dóru Davíðsdóttur. Við gerð skilnaðarsamnings þeirra á milli kom umrætt skuldabréf í hlut Dóru. Strax nóttina eftir skilnaðinn var brotist inn hjá Dóru og nokkrum fjármunum stolið, þ.m.t. umræddu skuldabréfi. Innbrotspjófurinn, Lárus nokkur Johnson, falsaði framsal frá Dóru og seldi skuldabréfið með 50% afföllum vafasömum veitingahúsa eiganda hér í borg og alþekktum braskara, Kristjáni Kaiser, kenndum við Næturgrillið. Kristján framseldi síðan skuldabréfið „til innheimtu“ til náins vinar síns og víðskiptafélaga Leó Loftssonar, héraðsdómslögmanns, eftir að Arnar neitaði að greiða af skuldabréfinu. Leó hefur nú hafið innheimtuaðgerðir fyrir allri fjárhæð skuldabréfsins á hendur Arnari Arnarssyni sem ber nafnárítun og framsöl allra sem hafa haft það í sínum vörslum.

Hverjar eru mögulegar mótbáru Arnars í málinu og kemur hann þeim að gagnvart Leó? Hefði Arnar komið að mótbárum gagnvart öðrum framsalshöfum? Rökstyðjið.

#### **b. (15%)**

Nefnið og gerið grein fyrir helstu mótbárum skuldara sem glatast ekki gagnvart framsalshafa við framsal víðskiptabréfa.

**c. (25%)**

Gerið grein fyrir og rökstyðjið hvort þau skjöl sem eru hér að neðan (fjögur samtals) teljist fullgildir víxlar í skilningi víxillaga?

**Prófnúmer:** \_\_\_\_\_

**2. Veðréttindi (25%)**

**a) (10%)**

Hvað er útlausnarréttur og hvaða skilyrði þurfa vera fyrir hendi til þess að veðhafa sé heimilt að beita slíkum rétti?

**b) (15%)**

Gerið grein fyrir þeim reglum sem gilda um stofnun veðs í fasteign ásamt rekstrartækjum. Nefna þarf þau atriði sem þurfa að vera fyrir hendi svo að hægt sé að nýta veðsetningarheimild þessa (skilyrði).

**3. Þinglýsingar (15%)**

Skýrið í stuttu máli hvað felst í þinglýstri eignarheimild og greinið frá þeim atriðum sem gilda um hver telst eiga slíka heimild í mismunandi tilvikum.